

Skógarvörður umdæmisins:

ÍSLEIFUR SUMARLÍÐASON.

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ

1950.

NORÐURLANDSUMDÆMI?

Vaglir í Fnjóskadal.

## GIRÐINGAR, FRIDUN & VIÐHALD GIRÐINGA:

Engar nýjar girðingar voru reistar á árinu.- Girðingin að Vöglum á Þelamörk var endurbætt vernulega. Bætt var í millistaurum, vírinn strengdur upp o. fl.- Girðingin að Grund í Eyjafirði var girt upp. Netið tekið af staurunum, greitt vel sundur og strengt upp. Þá var einnig bætt inn í allmiklu af staurum og millistaurum.- Girðingin um öspina að Garði í Fnjóskadal var einnig girt að nýju. Netið var orðið algjörlega ónýtt og var í þess stað sett sexþætt gaddavírsgirðing. Notast var mestmegnis við járnstaura þá er fyrir voru, en millistaurar allir nýir. Legu girðingarinnar var breytt nokkuð og er hún nú um 550 m. löng.- Í girðinguna um Stórhöfða- og Melaskóg var bætt 30 járnstaurum og auk þess 50 birkistaurum.- Í girðinguna um Vaglaskóg var bætt 35 járnstaurum, 40 birkistaurum og auk þess allmörgum millistaurum. Girðingin er mjög farin að gefa sig, einkum að sunnanverðu, og þarfnast þar mjög endurnýjunar næsta vor.- Viðhald Sandhaugagirðingarinnar var mjög lítið að þessu sinni.- Girðingin um Lunds- og Þórðarstaðaskóg þurfti yfirleitt lítils viðhalds við.- Girðingunni um Sigríðastaðaskóg var haldið við líkt og sl. ár.

## SKÓGARHÖGG, GRISJUN & KOLAGERÐ:

SKÓGARHÖGG: Á árinu var höggvið:

Eldiviður	Efniviður	Arinviður	Staurar	Renglur	Viðarmagn
kg.	m <sup>3</sup>	kg.	stk.	stk.	Alls. Hestburðir
86.000	8.000	25.000	1.100	300	1218.
860 kg	10 m <sup>3</sup>	250 kg	22 kg	3 kg	

Allt var þetta höggvið í Vaglaskógi. Grisjað var furustykkið frá 1943 í Góðulág og aðeins skilin eftir örfá tré. Einnig var grisjaður 1 ha. ofan Efribrautar, norðan við Stefánsbraut, plantað 1947.- Þá voru grisjaðir ca. 2 1/2 ha ofan vegar í króknum norðan Eyrarflatar. Grisjaðir voru ca. 4-5 ha. fyrir ofan og norðan Bjarkarlund, suður að Klettlæk. Að lokum var grisjaður 1 ha. ofan Stóra- Hvamms sunnan vegar að Klettlæk, plantað 1947. Miklu meira seldist nú af girðingastaurum en sl. ár og ætti að geta orðið áfræmheld á því. Miklir möguleikar á að selja niðursagaðan eldivið eru einnig fyrir hendi, en heppilegan drivkraft vantar til að knýja sögina.- Æskilegt væri að geta haft fastan starfsmann við skógarhögg allt sumarið.- Vegna stöðugrar ótíðar síðari hluta sumars varð minna úr skógarhöggi en skyldi.

## KOLAGERÐ:

Þar sem e nn e kki hefir fengist innfluttur nýr viðarkolaofn, var gert aðeins einu sinni til kola að þessu sinni í Vaglaskógi. Úr ofninum fengust 200 kg.

## GRÆÐIREITUR:

Vinna við græðireitinn hófst að þessu sinni 16. maí. Dreifsetning hófst 2. júní og var lokið 15. sama mánaðar. Vanhöld voru sjáanlega ekki mikil. Fræsning tókst ágætlega, einkum það sem sáð var undir gler og náði það prýðilegum þroska. - Teknar voru upp um 150.000 plöntur. Voru þær flokkaðar og gengið frá þeim til vors. Ekið var rúml. 20 tonnum af húsdýraáburði í græðireitinn og var það allt greitt með eldiviði úr skóginum.

### SÁNING Í GRÆÐIREITINN:

Rauðgreni	1.9 kg.	77.5 m <sup>2</sup>	(Umeå)
Skógarfura	2.3 -	108.5 -	(Troms Innland)
Lerki	1.3 -	31.0 -	(Hakaskoja)
Birki	7.7 -	186.0 -	(Bæjarstaður)
Reyniviður	1.0	6.0 -	(Múlakot)

### SÁNING Í GRÆÐIREITINN UNDIR GLER:

Rauðgreni	0.34 kg.	12.0 m <sup>2</sup>	(Rana)
Skógarfura	0.43 -	18.0 -	(Troms Innland)
Lerki	0.71 -	18.0 -	(Hakaskoja)
Birki	1.10 -	30.0 -	(Bæjarstaður)

### DREIFPLÖNTUN:

Reynir	2/2	3.000 stk.	(Skrifstofn)
Skógarfura	2/0	55.000 -	(Troms)
Rauðgreni	2/0	7.000 -	(Rana)
Samt.		<u>65.000 stk.</u>	

### SELDAR OG AFHENTAR PLÖNTUR:

Birki	15.640 stk.
Skógarfura	30.600 -
Rauðgreni	1.000 -
Reyniviður	940 -
Gulvíðir	6.500 -
Þingvíðir	130 -
Ribs	220 -
Sólber	150 -
Rosa Rugosa	30 -
Geitblöðungur	10 -
Samt.	<u>55.200 stk.</u>

## PLÖNTUR TIL SÖLU OG AFHENDINGAR VORID 1951.

Birki	1. fl.	2/2	800	stk.	} 1/2	
Birki	2. fl.	2/2	6.130	-		
Birki	3. fl.	2/2	12.800	-	} 100.000	65.000
Birki		3/0	95.000	-		
Reynir	úrval.	3/2	200	-		
Reynir	1. fl.	3/2	1.500	-		
Reynir	2. fl.	3/2	2.500	-		
Silfurreynir		3/2	250	-		
Skógarfura		2/2	25.000	-		
Skógarfura		3/0	5.000	-		
Sitkagreni		3/2	500	-		
Gulvöðir		2/2	3.000	-		
Lerki		2/2	320	-	Hakastoja	N-Noresir

Samt. 153.000 stk.

## GRÓÐURSETNING OG SÁNING:

Gróðursetningin hófst 2. júní og var lokið 14. sama mánaðar. Gróðursett var í áframhaldi við plöntunina frá s. l. ári, suður að Klettlæk. Bætt var inn í plöntunina frá 1947, ofan Stóra-Hvamms sunnan vegar að Klettlæk. Einnig var bætt inn í það sem plantað var á s. l. ári. Plantað var í skák ofan vegar frá Skökkulág suður undir Bjarkarlund. Gróðursettar voru barrplöntur á eftirtalda staði:

Vaglaskógur	Skógarfura	24.300	stk.	
Vaglaskógur	Rauðgreni	6.900	-	
Sandhaugar í Bárðardal	Skógarfura	450	-	
Sandhaugar í Bárðardal	Rauðgreni	100	-	
Selland í Fnjóskadal	Skógarfura	10.000	-	
Selland í Fnjóskadal	Rauðgreni	400	-	
Girðing Skógr.fél. Eyfirð.	Skógarfura	16.000	-	Nokkuð af
Girðing Skógr.fél. Eyfirð.	Rauðgreni	500	-	þessu selt.
Gróðrarstöðin, Akureyri	Skógarfura	1.000	-	
	Samtals	<u>59.650</u>	stk.	

## BYGGINGAR:

Lokið var við að steypa neðri hæð, ásamt hellu yfir, á Þórðarstöðum í Fnjóskadal. Er viðbótarbygging þessi 32 m<sup>2</sup> að stærð. - Vegna stöðugra rigninga vannst ekki tími til að ljúka við byggingu efri hæðarinnar s. l. sumar. - Einnig var lögð 700 m. löng vatnsleiðsla að Þórðarstöðum. - Mjög er nú orðið aðkallandi að byggja nýjan verkamannabústað á Vöglum. Hús það sem fyrir er, er algjörlega ónþæft sérstaklega vor og haust.

## VEGAGERÐ:

Vinna við vegagerð var með mesta móti á þessu ári. Byrjað var á að höggva frá Efra-veginum allt frá syðra-hliðinu á Hálsmelunum suður að Bjarkarlundi. Síðan var fengin jarðýta til að jafna og laga veginn. Vegagerð ríkisins lagði fram kr. 8.000.00 til vegagerðar í Vaflaskógi. - Fyrir þetta fé var mölborinn vegurinn frá Hótelinu suður í Hróarstaðanes og Efri vegurinn frá syðra hliðinu suður að græðireit. Auk þessa ók vörubifreið Skógræktarinnar möl í vegi þessa í hálfsmánaðar tíma, svo nú mega þeir teljast mjög sémilegir. - Starfsfólk K. E. A. lagði fram vinnu og þrjá bíla í rúml. hálfan dag og var borið þunnt malarlag, aðallega í hjólförin, alla leið frá græðireit suður að Bjarkarlundi. Var þetta 25 manna flokkur. Þetta var mjög til bóta og varnaði því að vegurinn græfist, þrátt fyrir töluverða umfe rð. - Ruddir voru tveir ve gir með jarðýtu upp frá Bjarkarlundi, vegna viðarflutninga.

## FERÐALÖG:

Fyrstu fjóra mánuði ársins davldist ég í Reykjavík og starfaði á skrifst. skógræktarstjóra. - 11. maí lagði ég af stað norður að Vöglum. - 26. og 27. fór ég að Siglúvík á Svalbarðsströnd, Grýtubakka í Höfðahve rfi, að Laugabóli, Fjalli í Aðaldal og til Húsavíkur. Flutti plöntur og leiðbeindi um gróðursetningu. - 4. júní að Sandhaugum í Bárðardal vegna gróðursetningar og eftirlits. 1-3. júlí sat ég aðalfund Skógræktarfélagss Íslands á Þingvöllum. 10. júlí fór ég til Húsavíkur ásamt skógræktarstjóra vegna viðræðna um Aðaldalshraun. - 8. sept. fór ég að Ásbyrgi. Skoðaði girðingu skógræktarfélagss Húsavíkur við Botnsvatn í bakaleiðinni. 20-26. nóv við grisjun furunnar á Grúnd í Eyjafirði. - Auk þessa eins og venja er til fjölmargar eftirlitsferðir um skóglendi Skógræktarinnar, til Akureyrar vegna viðskpta og ýmsar styttri ferðir til leiðbeininga í Fjnéskadal og víðar. - Alls var ég 94 daga að heiman í fe-rðalögum.

## ÝMISLEGT:

Brum á birki byrjaði að þrútna 22. maí. Síðan kom hálfsmánaðar kuldakafli og var skógurinn fyrst nokkuð grænn yfir að líta 4. júní, allaufgaður 10. sama mánaðar. Fræspretta var mjög mikil og allur vöxtur ágætur. - Skógarmaðks varð ekki vart. Skógurinn byrjaði að ~~falla blöðin~~ söma 6. sept. og var lauflaus að kalla 26. sama mánaðar. Sáð var grasfræi í ca. 1 1/2 ha. lands á Hálsmelum. Var það allt me öfram veginum í áframhaldi af sáningunni frá 1947. - Sáningin tókst mjög vel. Borið var enn á fyrri sáninguna og virtist hún taka góðum framförum.

*Reykjavík í jún. 1951.*  
*Áslip Jónsdóttir*